

Reglur um skjávinnu

eiga að tryggja öryggi og hollustu þeirra sem vinna við tölvu.

Samkvæmt reglunum á að:


• Veita upplýsingar og fræðslu

Starfsmenn eiga rétt á að fá upplýsingar um alla þætti öryggis og hollustu er tengjast vinnu þeirra við skjá. Þeir eiga einnig rétt á starfsþjálfun.



• Meta vinnuaðstæður

Atvinnurekendur skulu sjá til þess að gerð sé úttekt á verkstöðvum, þar sem skjáir eru notaðir, til að meta áhrif þeirra á starfsmenn. Athuga ber sérstaklega áhættu fyrir sjón og líkamlegt og andlegt álag.



• Hafa samstarf

Atvinnurekendur skulu hafa samráð við starfsmenn og tryggja að samstarf geti orðið sem best um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti.

• Uppfylla kröfur

Í viðauka með reglunum eru settar fram lágmarkskröfur um búnað og umhverfi, t.d. rými, lýsingu, hávaða o.fl.

Allar verkstöðvar, nýjar og eldri, eiga að uppfylla þær kröfur sem fram koma í reglunum og viðauka með þeim.

Reglurnar fjalla einnig um

- daglega vinnutilhögun
- augn- og sjónvernd starfsmanna

Reglurnar (nr. 498/1994) má fá á heimasíðunni og hjá Vinnueftirlitinu, einnig er hægt að nálgast fræðsluritið

VINNA VIÐ TÖLVU



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is